# *Nr. 054 / 16 Slyngur EA 74*

## *Vélavana og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 7518
*Smíðaður:* Hafnarfirði 2001, Trefjaplast
*Stærð:* 6,01 brl. 4,88 bt.
*Mesta lengd:* 7,92 m *Skráð lengd:* 7,86 m
*Breidd:* 2,55 m *Dýpt:* 1,62 m
*Vél:* Volvo Penta 133,7 kW, árg.: 2003
*jöldi skipverja:* 1

***Gögn:***
*Gögn RNSA*



Slyngur@Fiskifréttir

*Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 6. júní 2016 var Slyngur EA 74 á strandveiðum austarlega á Húnaflóa. Veður: A gola.

Þegar báturinn var staddur um tvær sml. fyrir utan höfnina á Skagaströnd varð hann olíulaus. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og Fengsæll HU 56 dró bátinn til hafnar á Skagaströnd.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að olíutankurinn tók 550 l af olíu og var með olíumæli;
- að fram kom hjá skipstjóra að veiðiferðin hefði tekið lengri tíma en hann reiknaði með.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir mönnum á að tryggja að ávallt sé nægt eldsneyti til sjóferðar.